

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Kelduhverfi (Innra Lóni)



Dags eftirlits	18.6.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Lóni	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Linda Björk Nielsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik komu fram við eftirlit er varða frágang á búnaði frá niðurlögðu kvísvæði, að niðurstöðum mælinga skv. vöktunaráætlun hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila og að gildandi vöktunaráætlun gefur ekki rétta mynd af vöktunarpörf umhverfisins. Tvær ábendingar voru settar fram er varða að hreinsa þarf settjarnir og að huga þarf að árekstravörnum við olúgeymi að framkvæmdum loknum.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða hf., Kelduhverfi, áður Rifós hf. Stöðin hefur leyfi fyrir eldi á allt að 1.000 tonnum af laxi og bleikju í sjókvíum í Innra-Lóninu en einnig er heimilt að reka á staðnum seiðaeldi og sláturhús til eigin nota. Stöðin stendur við Lón í Kelduhverfi. Kvíaeldi hefur verið aflagt á staðnum og er nú allt eldi innandyra. Allur eldisbúnaður hefur verið fjarlægður úr lóninu og settur upp á land eða fjarlægður af staðnum. Starfsemi sláturhússins hefur verið hætt. Starfsleyfið gildir til 31. desember 2027.

### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfið og stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð – uppfærslur áætlana, trygginga o.fl.
- Geymsla, förgun og meðhöndlun hættulegra efna
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Skoðunarferð
- Önnur mál

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit árið 2023 en tvær ábendingar voru settar fram er varða að frágangi vegna kvíaeldis er ekki lokið og að senda þarf inn endurskoðaða vöktunaráætlun. Frágangur vegna kvíaeldisins mun taka lengri tíma og er enn í vinnslu og vöktunaráætlun hefur ekki verið endurskoðuð og er því sett frávik þar um. Rekstur stöðvarinnar hefur breyst umtalsvert frá því að núgildandi starfsleyfi var gefið út en rekstraraðili starfar innan ákvæða gildandi starfsleyfis.

Stöðin er í uppbyggingu og var vinna við byggingu G-húss í gangi er eftirlitið fór fram. Stefnt er á að taka það húsnæði í notkun nú í haust. Einungis er alinn lax í stöðinni, seiði frá klaki og upp í 60-80 g en þá eru þau flutt í stöð rekstraraðila á Kópaskeri. Framleiðslan er vel innan marka starfsleyfis eða um 320 tonn árið 2023 skv. grænu bókhaldi.

Búið er að steypa pró við enda frárennslisstútanna í settjörnninni þar sem frárennslinu verður veitt frá þrónni og yfir í tromlusiú. Enn er unnið við frágang við tromlusiuna og er hún ekki komin í notkun. Frárennslitromlusiunnar kemur til með að renna út í núverandi setþrær og þaðan út í Lónið (vatnshlot nr. 102-1470-T). Nokkur uppsöfnun er í settjörnunum og var rekstraraðila bent á að hreinsa þær og tæma úr þeim til að virkni þeirra skerðist ekki. Seyra úr settjörnum er notuð á uppgræðslur og er áburðarleyfi MAST til staðar. Olíuskilja er til staðar og tekur hún við frárennslu frá tækjahúsi (verkstæði) og steypstu plani undir olúgeymi. Olúgeymirinn er nýr, tvöfaldur geymir. Frágangi er ekki lokið við geyminn en minnt er á að huga þarf að árekstravörnum við geyminn að framkvæmdum loknum.

Sjálfvirkt fóðurkerfi er í húsunum en allt fóður kemur inn í plastpokum og er sturtað úr þeim yfir í síló sem

sjá um skömmtun fódurs í kerin. Gefið fódur var alls 315 tonn árið 2023.

Áhættumat 2023 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Síðustu mælingar skv. gildandi vöktunaráætlun, voru gerðar í Innra-lónininu árið 2020 af Náttúrustofu Norðausturlands. Gera átti mælingar á botnseti árið 2023 skv. áætlun en eftirlitsaðila hafa ekki borist niðurstöður þeirra og er því sett frávik þar um. Útreikningar á losun fosfórs skv. gr. 2.3 í starfsleyfi sýna að losunin er vel innan marka (20 kg/tonn af framleiddum fiski), eða alls 8 kg á framleitt tonn skv. útreikningum rekstraraðila. Niðurstöður greiningaraðila á vatnssýnum sýndu einnig gildi innan marka starfsleyfis.

Daglegar skráningar eru í FishTalk og á eyðublöð við starfsstöðvar. Önnur gögn eru í EQS skráningarkerfi sem allir starfsmenn hafa aðgang að.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila.

Áætlanir sem liggja skulu fyrir skv. starfsleyfi eru aðgengilegar í sameiginlegu EQS kerfi rekstraraðila. Starfsmenn fá þjálfun árlega um meðhöndlun efna frá söluburgja efnanna og þar er farið yfir helstu öryggisreglur og meðhöndlun efnanna.

Ársyfirlit og grænt bókhald fyrir árið 2023 barst eftirlitsaðila með tölvupósti þann 26. apríl sl. Rætt var um skráningar á framleiðslu- og fódurmagni í ársyfirliti og minnt á að einingar þurfa að fylgja tölugildum. Einnig var rætt um uppfærslur áætlana m.t.t. breyttrar starfsemi í stöðinni og þá sérstaklega vöktunaráætlunar. Rekstraraðili fékk sendar leiðbeiningar og sniðmát að eftirliti loknu.

Stöðin hefur gilda vottun frá Whole Foods og AquaGap til loka þessa árs. Unnið er að umsókn um AEC vottun.

Engar breytingar hafa verið gerðar á meðferð úrgangs og unnið er eftir úrgangsáætlun rekstraraðila. Farið var yfir áætlunina í eftirlitinu en óskað er eftir því að rekstraraðili sendi eftirlitsaðila afrit af þeirri áætlun. Hreinsiefni eru geymd í fiskikerjum við starfsstöðvarnar og í sérstökum skáp í E-húsi en magn spilliefna er óverulegt í stöðinni. Öryggisblöð voru til staðar. Engin lyf, utan svæfingarlyfs og bóluefnis eru notuð í eldinu.

Gengið var um stöðina, olfugeymir, olfuskilja, settjarnir og útrás í viðtaka var skoðað. Rekstraraðila var leiðbeint með að fylgjast þarf með virkni olfuskiljunnar með reglulegum hætti og skrá niðurstöður þeirra athugana. Byggingaframkvæmdir eru enn í gangi á lóðinni og frágangi ekki lokið. Bent er á að huga þarf betur að frágangi á lóðinni og að rusl sé fjarlæggt jafn óðum þó framkvæmdir séu í gangi. Fylgst verður með frágangi á lóð í næsta eftirliti. Ekið var að Innra-Lóni og aðstæður skoðaðar. Enn er unnið að hreinsun svæðisins við Innra-Lónið og nokkuð magn af netum, köðlum, járn og fleiru sem tengist eldinu enn á lóðinni. Minnt er á að allan búnað, tengdum eldinu, sem ekki er í notkun, skal fjarlægja eða koma fyrir í viðeigandi geymslu.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

Gr. 1.5 og gr. 4.1 í starfsleyfi.

Enn er töluvert af búnaði og rusli tengdu aflögðu kvíaeldi í Lóninu til staðar, við geymslusvæði suðaustur af Lóninu og í kringum skemmu. Fjarlægja þarf búnaðinn og koma í viðeigandi geymslu eða förgun. Ekki hefur verið brugðist við ábendingu frá síðasta eftirliti með fullnægjandi hætti og er því sett frávik hér um.

Gr. 5.1 í starfsleyfi.

Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins. Breytingar hafa verið gerðar á rekstri stöðvarinnar sem valda því að eldri vöktunaráætlun gefur ekki rétta mynd af vöktunarpörf umhverfisins. Uppfæra þarf vöktunaráætlun og senda til eftirlitsaðila.

Gr. 5.1 í starfsleyfi og vöktunaráætlun. Þar til ný vöktunaráætlun hefur borist eftirlitsaðila skal fylgja áður

samþykktri vöktunaráætlun og skv. henni skal vakta Lónið skv. viðauka 1 vöktunaráætlunarinnar og senda niðurstöður vöktunar til eftirlitsaðila. Vöktunarskýrsla fyrir árið 2023 hefur ekki borist eftirlitsaðila.

## ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að huga þurfi að tæmingu úr setþrómi þar sem uppsöfnun í þeim er orðin töluverð og gæti farið að skerða hreinsunarvirgni þeirra.

Ábending er sett fram um að huga þurfi að árekstrarvörn við olúgeymi þegar framkvæmdum við hann er lokið.


## ANNAÐ

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaráhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 23.07.2024



Guðbjörg Stella Árnadóttir

